

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að ráðast í aðgerðir til að auka hagkvæmni innkaupa á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs á grundvelli greiningar sviðsins á helstu tækifærum til hagræðingar á þessu sviði. Markmið verkefnisins verði að lækka útgjöld sviðsins vegna vörukaupa um 100-150 m. kr á ársgrundvelli með útboðum og magninnkaupum á helstu rekstrarvörum starfsstöðvanna. Samstarf verði haft við velferðarsvið um verkefnið og Innkaupadeild Reykjavíkurborgar varðandi gagnaöflun og innleiðingu. Gert er ráð fyrir að undirbúningi verkefnisins ljúki fyrir áramót 2018, aðgerðir hefjist í ársbyrjun 2019 og meginþungi verkefnisins verði á fyrri hluta árs 2019.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 21. ágúst 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fram eftirfarandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir í framhaldi af jákvæðum niðurstöðum útboðs á námsgögnum í grunnskólum borgarinnar að ráðast í áttak til að auka hagkvæmni í innkaupum skóla- og frístundasviðs með áherslu á útboð og magninnkaup á helstu rekstrarvörum starfsstöðva sviðsins. Sviðsstjóra og fjármálastjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að leggja fram greiningu á helstu sóknarfærum á þessu sviði og hvernig megi nýta þau í samstarfi við innkaupadeild og eftir atvikum önnur fagsvið borgarinnar. Tillögur verði lagðar fram eigi síðar en 9. október 2018.

Tillagan var samþykkt samhljóða í ráðinu og hófst þá vinna við að draga saman yfirlit yfir helstu sóknarfæri skóla- og frístundasviðs varðandi hagkvæmari innkaup á rekstrarvörum. Þar var m.a. stuðst við niðurstöður starfshópa sem fjallað hafa um hagkvæmni sameiginlegra innkaupa í krafti stærðar á undanförunum árum. Þær tillögur byggðu á því að farið væri í aðgerðir um hagkvæm innkaup á borgarvísu. Þetta var t.a.m. tillaga í starfshópi um rekstrarkostnað sem var hluti af svokallaðri djúpgreiningu á starfsemi skóla- og frístundasviðs sem starfaði á árunum 2016 og 2017.

Niðurstaða þessarar vinnu er dregin saman í eftirfarandi töflu. Þar er byggt á þeirri greiningu að helstu tækifæri til hagræðingar í innkaupum á rekstrarvörum sviðsins liggi til skemmri tíma í ritföngum, ræstingavörum, innkaupum fyrir mötuneyti sviðsins og útboðum sem dregið geta úr orkukostnaði. Taflan sýnir mögulega hagræðingu (2 sviðsmyndir) og aðgerðaráætlun.

AÐGERÐIR	REKSTRARKOSTNAÐUR TIL SKOÐUNAR	2017	dæmi 1	dæmi 1	dæmi 2	dæmi 2
			útboðshæft	afsláttur	útboðshæft	afsláttur
			80%	30%	60%	30%
1	SAMTALS RITFÖNG OG FLEIRA	275.054	220.043	66.013	165.032	49.510
			80%	30%	60%	30%
2	SAMTALS RÆSTINGAVÖRUR OF FLEIRA	100.557	80.446	24.134	60.334	18.100
3	SAMTALS MÖTUNEYTI	1.499.611				
			30%	30%	20%	30%
3	Þ.a. þurrvara 30%	494.872	148.461	44.538	98.974	29.692
				3%		2%
4	SAMTALS ORKUKOSTNAÐUR	347.330		10.420		6.947

			20%	20%	20%	10%
5	SAMTALS ANNAÐ	283.709	56.742	11.348	56.742	5.674
Samtals kostnaður til skoðunar á SFS		2.500.000		156.453		109.923
				6%		4%

Þá er ótalinn sparnaður í fjármagnskostnaði, umsýslukostnaði og akstri en jafnframt má gera ráð fyrir jákvæðum umhverfisáhrifum vegna minni mengunar vegna skilvirkari dreifingar.

Aðgerð 1.

- 1. ársfj. 2019: Prufuverkefni (Pilot) fari af stað í 1-2 mánuði.
- 1. ársfj. 2019 (mars-apríl) : Útboð á ritföngum fyrir alla starfsstaði SFS og VEL.
- Á sama tíma gerð tillaga til hússtjórnar í Borgartúni varðandi útboði á ofangreindum vörum – fyrir þau svið sem þar starfa.

Aðgerð 2.

- 2. ársfj. 2019: Prufuverkefni (Pilot) fari af stað með hreinlætisvörur í 1-2 mánuði.
- 2. ársfj. 2019: Útboð á hreinlætis- og ræstingavörum fyrir alla starfsstaði SFS og VEL.
- Á sama tíma gerð tillaga til hússtjórnar í Borgartúni útboði á ofangreindum vörum – fyrir þau svið sem þar starfa.

Aðgerð 3 - 5.

- 3. ársfj. 2019 (eða fyrr) : Rýndir verði möguleikar á útboði á þurrvöru og fleiri vörum í mötuneytum SFS (og VEL). Hér þarf að hafa til hliðsjónar nýsamþykktu matarstefnu Reykjavíkurborgar.
- 3. ársfj. 2019 (eða fyrr): orkukostnaður og annar kostnaður verði rýndur m.t.t. hagræðingarmöguleika.

Megin verkþættirnir eru eftirfarandi:

- 1) Stofna stýri- og verkefnahóp
- 2) Velja þær rekstrareiningar sem taka þátt í prufuverkefnum.
- 3) Öflun upplýsinga frá birgjum og ákveða hvaða vörur verður til að byrja með komið fyrir í „ritfanga og rekstrarvörulager“.
- 4) Ákveða rekstrarfyrirkomulag „ritfanga-og rekstrarvörulagers“ í samráði við þátttakendur og birgja.
- 5) Keyra verkefnið og lagfæra það sem betur má fara ásamt því að bæta við vörum þannig að væntanlegt útboð dekki 60- 80% af notkun í þessum flokki
- 6) Full innleiðing og útboð í ljósi fenginnar reynslu.

Lagt er upp með að verkþáttum 1-4 verði lokið fyrir árslok 2018. Verkþættir 5-6 verði unnir á 1. ársfjórðungi 2019.

Mikilvægt er að verkefnin og innleiðing þeirra verði að stórum hluta unnin af starfsmönnum Reykjavíkurborgar með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa þannig að byggð sé upp þekking og færni innan borgarkerfisins. Hagræðing er ekki einskiptis verkefni heldur hluti af vinnustaðamenningu þannig að nauðsynlegt er að byggja upp getu og áhuga innan borgarinnar þannig að þetta verði viðvarandi þáttur í rekstri borgarinnar.

Gera má ráð fyrir að hagræðingarverkefnin sem unnin verða fyrir skóla- og frístundasvið geti nýst öðrum sviðum borgarinnar. Með samræmdri nálgun og sameiginlegum innkaupum má því gera ráð fyrir að hægt verði að ná fram enn meiri hagræðingu fyrir borgina í heild. Með þátttöku annarra sviða mætti hugsa sér að hlutverk innkaupadeildar yrði útvíkkað þannig að greiningar á tækifærum og útboð væru hluti af starfsemi deildarinnar.

Búið er að skilgreina verkefnið varðandi ritfanga- og rekstrarvörur bæði hvað varðar nálgun, helstu verkþætti og markmið.

Mikilvægt er að vanda til verka við vinnslu þessa verkefnis þannig að tryggt sé að það skili tiláætluðum og viðvarandi árangri til frambúðar.

Eins og kemur fram í kynningu á verkáætlun þá teljum við að með breyttu fyrirkomulagi innkaupa hvað varðar aðgerðir 1 – 3 megi ná fram verulegri hagræðingu til frambúðar sbr. eftirfarandi:

- Í dag er fyrst og fremst notast við rammameninga þar sem þeim er til að dreifa. Við viljum koma okkur í þá aðstöðu að geta farið í örútbóð á viðkomandi rekstrarvörum en reynslan sýnir að örútbóð skilar 10-30% lægra verði en rammameningar. Til viðbótar þessu er markmiðið að birginn eigi lagerinn í viðkomandi rekstrareiningu og rukki síðan mánaðarlega í samræmi við notkun, þetta minnkar fjárbindingu Reykjavíkurborgar í lager tengdum þessum vörum og lækkar þannig fjármagnskostnað.
- Í dag er mikið frjálssræði í vali á vörum og birgjum t.d. hægt að velja um 20-30 tegundir af pappír frá mismunandi birgjum þar sem verð í rammameningu er með 0-40% afslætti. Við viljum stuðla að meiri samræmingu/stöðlun í innkaupum á samskonar vörum með því að fækka birgjum/vörunúmerum og einbeita okkur að því að kaupa þær vörur sem er á hagstæðasta verðinu miðað við gæði.
- Í dag er umsýslukostaður mjög hár sem ræðst m.a. af miklum fjölda birgja og vörunúmera, fjölda pantana auk þess sem margir aðilar sinna pöntunarhlutverkinu. Þantað er eftir hendinni með tilheyrandi fjölda reikninga og aksturskostnaði. Með ritfanga-, hreinlætis- og rekstrarvörulagerum úti á starfsstöðvunum teljum við að hægt sé að einfalda og draga verulega úr þessum kostnaði. Ekki þarf að panta vörur sem eru á þessum lagerum þar sem birginn sér um að fylla á hann eftir notkun sem fækkar reikningum og dregur úr vinnu sem tengist pöntunum og akstri þar sem gert er ráð fyrir því að fyllt sé á lagerinn 1-2 sinnum í mánuði.